

# Elísa Maren og Guðmundur eru nemendur í fjarnámi „Það er gott að halda rútinunni“

**Pau Guðmundur Þorsteinsson og Elísa Maren Ragnarsdóttir er nemendur í Verkmenntaskóla Austurlands. Vegna samkomubannsins var framhaldsskólum lokað og án fyrirvara voru þau send heim úr skólanum með öll sín gögn og þurftu að mæta í fjarnámstíma næsta skóladag.**

„Þetta var skrítið, því þetta gerðist svo hratt. Við fengum að vita það í skólanum þarna á föstudeginum 13. febrúar að samkomubannið hefði verið sett á og að við þyrftum að taka allar bækurnar okkur og gögn með heim,“ segir Elísa Maren.

## Öðruvísi dagar

Þetta fyrirkomulag kallar á að dagarnir eru öðruvísi en þau eiga að venjast. Þau segja þó að þau reyni að halda sömu rútinu þessa daga.

„Ég reyni að vakna hálf tíma til klukkustund áður en skólinn hefst. Fer í sturtu og fæ mér að borða áður en ég byrja. Reyni að setjast svo við skrifborðið. Reyni að halda rútinu,“ segir Guðmundur.

Elísa segir þetta svipað hjá henni. „Ég vakna oftast 07:50. Burstá, klæði mig og fæ mér að borða. Þetta er auðvitað misjafnt eftir dögum en þetta er bara eins og venjulegur

skóladagur þannig séð nema maður er heima hjá sér. Svo fer maður í hádegismat og mætir aftur eftir hádegi.“

## Blái hnötturinn

Blái hnötturinn er samskiptaforrit sem Verkmenntaskólinn notar við kennsluna. Nemendurnir fá sendan hlekk fyrir hverja kennslustund sem þau þurfa að „mæta“ í.

„Skólinn hafði undirbúið sig og okkur vel. Viku fyrir samkomubannið var okkur kennt á Bláa hnöttinn eða Big blue button. Svo á föstudeginum var sýnikennsla fyrir þá sem voru óóruggir. Það hjálpaði mörgum,“ segir Guðmundur.

Hann og Elísa eru bæði á náttúrufræðibraut og segja að stundataflan haldi sér að mestu leyti. Allir bóklegu áfangarnir eru kenndir í gegnum Bláa hnöttinn.

„Verklegu greinarnar er auðvitað ekki hægt að kenna í fjarnámi en það hafa farið fram heimilisfræði- og hárgreiðslutímar í gegnum þetta forrit,“ segir Elísa.

„Það er allavegana gott hjá VA að halda stundatöflunni miðað við aðra skóla sem hafa fellt töflurnar niður. Það hjálpar til dæmis ekki nemendum sem eiga erfitt með fjarnám. Það er gott að halda rútinunni,“ segir Guðmundur.



Pau Guðmundur og Elísa Maren þurftu að kenna bláamanni á samskiptaforritið, sem var að vísu ekki Blái hnötturinn. Mynnt: BKG

## Tímarnir munu breytast

Þau segja kennslustundirnar vera eins og venjulega en auðvitað fari það eftir áföngum.

„Í stærðfræði hjá mér kemur kennarinn með sýnidæmi og svo vinnum við. Í íslenskunni er meira um fyrirlestra og glærukyningar,“ segir Elísa.

Misjafnt er eftir kennurum hvort þeir setja það sem skilyrði að kveikt sé á vefmyndavélum nemenda.

„Ég er í mjög fáum tímum sem þar sem þau biðja okkur um að hafa kveikt á myndavélinni. Það er ekki krafist að vera í mynd. Sumir kennarar setja það sem skilyrði, hef ég heyrt, en það er ekki í neinum tímum hjá mér. Það er þó betra ef maður er í hópavinnu eða slíku,“ segir Guðmundur.

Elísa segir að þetta sé eins í hennar tímum. „Ég er bara með slökkt á myndavél og hljóðnema. Ég svara bara í hópsþjallinu en ef við þurfum að svara kennaranum þá kveikjum við bara á hljóðnemanum og svörum,“ segir hún.

Þetta er gert svo utanaðkomandi hljóð truflir ekki kennsluna og aðra nemendur.

## Spenna í loftinu

Aðspurð hvort þau hafi fundið fyrir miklu stressi og kvíða hjá nemendum skólans segir Guðmundur að krakkarnir hafi tekið ástandinu misalvarlega. „En það var klárlega undirliggjandi spenna hjá flestum en enginn að fara á límingunum.“

„Já einmitt. Maður fann meira fyrir því þegar samkomubannið var sett á og við send heim með allt dótið okkar í lok skóladags,“ bætir

Elísa við.

## Engar íþróttir, ekkert félagslíf

„Það er ansi dapurlegt að komast ekki á skíði. Ég verð að viðurkenna það,“ segir Guðmundur en hann æfir með skíðadeild Próttar og eins og alkunna er þá var allt íþróttastarf lagt niður um tíma.

Elísa tekur í sama streng. „Ég æfi crossfit og get gert fullt hérna heima. En svo var crossfitstöðin hérna svo góð og tók upp á því að leigja félagsmönnum búnað til að nota heima hjá sér. Til dæmis lóð og bjöllur.“

Það skal engan undra að einangrun fólks eykst á þessum tímum. Það gildir líka um framhaldsskólanema. „Nei maður hittir ekki marga, eiginlega engan. Það er bara Netflix og svo spjallar maður við vinina á netinu,“ segir Guðmundur.

## Hafa ekki áhyggjur

Þegar talið berst að alvarleika kórónaveirunnar og útbreiðslu hennar er gaman að sjá ærulyysi þeirra. Þau hafa þau ekki miklar áhyggjur af sjálfum sér.

„Nei ekki mér persónulega en það eru frekar ættingjar sem eru í áhættuhóp sem ég hef áhyggjur af,“ segir Guðmundur.

„Ég er sammála. Ég er ekki hrædd um sjálfa mig en ég myndi ekki vilja smita ef ég myndi svo smita aðra,“ bætir Elísa Maren við að lokum.

BKG



## Þjónusta náms- og starfsráðgjafa

Þótt ýmis starfsemi í landinu hafi raskast um þessar mundir vegna Covid-19, viljum við vekja athygli á að Austurbrú veitir áfram fjölbreytta aðstoð og þjónustu í gegnum tölvu og síma. Ekkert hefur t.a.m. dregið úr þjónustu náms- og starfsráðgjafa. Hjá þeim má panta símanviðtal, viðtal í fjárfundi eða skrifa þeim tölvupóst. Náms- og starfsráðgjafar aðstoða m.a. við:

- » gerð ferilskráa
- » áhugasviðskannanir og ráðgjöf tengda þeim
- » að finna nám við hæfi
- » markmiðasetningu
- » milligöngu um raunfærnimat í mörgum ólíkum greinum

**Ekki hika við að hafa samband við náms- og starfsráðgjafa.**

namradgjof@austurbru.is // 470 3800